

LEITUM LISTINA UPPI

Fjölskylduratleikur um útlitstaverk á Akureyri

Ratleikurinn hefst við Menningarhúsið Hof og endar á sama stað. Markmiðið er að finna lausnarorð með því að raða bókstöfum í rétta reiti neðst á blaðinu. Mikilvægt er að vinna saman, njóta þess að staldra við og uppgötva eitthvað nýtt.

Sunnan við Hof, rétt við flotbryggjuna, stendur lítil stytta af ungum dreng. Verkið heitir Litli fiskimaðurinn og er eftir Knut Skinnerland. Finnið styttuna og virðið hana svolítið fyrir ykkur. Á hverju heldur drengurinn? Hvert horfir hann?

Ef þið standið við styttuna og lítið í átt að Akureyrarkirkju sjáið þið lítið rautt ljós á staur. Gangið meðfram bakkanum að ljósinu og skoðið það betur. Hvernig ljós er þetta?

1

Fyrsta stafinn í lausnarorðinu má finna á minnisvarða sem stendur hjá litlu óvenjulegu húsi. Þið sjáið húsið ef þið standið við hjartaljósið og lítið til suðurs. Gangið að húsinu, hvað minnir það ykkur á? Minnisvarðinn við hlið hússins er af skipi sem hét Súlan EA 300. Hægt er að lesa um sögu skipsins á stöplinum.

Þriðji stafurinn í undirtitli verksins er fimmti stafur lausnarorðsins.

Næst skal ferðinni heitið upp kirkjutröppurnar og að Akureyrarkirkju. Getið þið talið hversu mörg þrepin eru?

Til að komast að næsta listaverki þarf að labba upp Eyrarlandsveg, sunnan við kirkjuna er stígur sem leiðir ykkur þangað. Þegar þið komið upp Eyrarlandsveginn er þar útsýnispallur með bekk sem tilvalið er að setjast á, hvíla sig og virða fyrir sér útsýnið. Getið þið komið auga á stórt listaverk sem stendur við sjóinn? Það heitir Sigling og er eftir Jón Gunnar Árnason. Hvað finnst ykkur þetta vera?

2

Til að finna næsta staf í lausnarorðinu þurfið þið að skoða listaverk sem er hinum megin við götuna. Það finnið þið ef þið lítið til vesturs, það stendur á milli trjáa á litlum grasbletti nálægt Menntaskólanum. Þessi stytta er eftir listamanninn Einar Jónsson og var gjöf til Akureyrar. Ef þið staldrið við og virðið styttuna vel fyrir ykkur, hvað sjáið þið? Hvernig líður ykkur að horfa á verkið?

Fyrsti stafurinn í titli listaverksins er þriðji stafurinn í lausnarorðinu.

- 3** Næsta listaverk, og næsti stafur í lausnarorðinu, er mjög stutt frá og þið sjáið það um leið og þið horfið að Menntaskólanum, það er stór kúla sem stendur á einhvers konar þríhyrningi. Þetta verk er eftir listamanninn Jóhann Ingimarsson eða Nóa. Það má finna fleiri útilistaverk eftir hann á Akureyri. En hvað er inni í kúlunni og hvað ætli það tákni?

Sjötti stafurinn í titli verksins er síðasti stafurinn í lausnarorðinu.

- 4** Næsta listaverk er við aðalinngang Menntaskólans. Þið getið gengið undir tengibygginguna sem liggur frá gamla skólanum í nýju bygginguna, farið fram hjá gömlu íþróttahúsi sem stundum er kallað Fjósið og svo upp stiga á hægri hönd sem liggur beint að innganginum. Þar fyrir utan finnið þið tvö útilistaverk. Þið skuluð byrja á að skoða listaverk sem heitir Hvalbeinið og er eftir Helga Gíslason. Þetta er hryggjaliður úr hval, getið þið ímyndað ykkur hversu stórir hvalir geta verið? Því næst skuluð þið skoða verkið Tilveru. Þetta er mannvera sem situr á bekk, þið getið tyllt ykkur hjá henni. Ef þið horfið á hana getið þið ímyndað ykkur hvernig henni líður?

Fyrsti stafurinn í nafni listamannsins sem gerði Tilveru er jafnframt fyrsti stafurinn í lausnarorðinu.

Nú þurfið þið að finna ykkur leið að Andapollinum. Á leiðinni er tilvalið að koma við á lóð Brekkuskóla og prufa leiktækin þar.

Þegar þið komið að Andapollinum sjáið þið stytta sem leynist þar í laut fyrir neðan pollinn. Hún stendur á stöpli milli trjáa og við hana er bekkur. Verkið er eftir Ásmund Sveinsson og heitir Systurnar, hvað eru þær að gera? Þegar þið eruð búin að skoða systurnar þá liggur leiðin niður Listagilið. Ef Listasafnið er opið getið þið komið þar við og skoðað sýningarnar þar. Frá Listasafninu liggur leiðin niður í miðbæ og þið gangið norður Hafnarstræti.

-
- 5** Til að finna næsta staf í lausnarorðinu þarf að ganga að Skátagilinu, þar sem pylsuvagninn og leiktækin eru. Á stórum húsvegg sjáið þið mynd af stúlku, verkið heitir Dimmalimm. Haldið þið að það sé erfitt að gera svona stóra mynd?

Þriðji síðasti stafurinn í eftirnafni listamannsins er sjötti stafurinn í lausnarorðinu.

Því næst er tilvalið að fara á Ráðhústorgið og skoða jólatréð og Jólaköttinn sem starfsfólk Fjölsmiðjunnar gerði í samvinnu við listakonuna Aðalheiði S. Eysteinsdóttur.

-
- 6** Næst þarf að labba aðeins lengra í norður, fara framhjá Póstinum og Ísbúðinni og ganga alveg að horni Geislagötu og Gránufélagsgötu. Þar á horninu stendur verk eftir listamanninn Stefán Jónsson. Hvað heitir verkið og hvað gæti þetta verið?

Sjöundi stafurinn í titli listaverksins er fjórði stafurinn í lausnarorðinu.

- 7** Næsti stafur leynist í vegglistaverki á horni Strandgötu og Glerárgötu. Til að komast þangað er best að labba niður Gránufélagsgötu og beygja til suðurs á Glerárgötu. Þegar komið er að gatnamótunum við Strandgötu sjáið þið veggverkið.

Fyrsti stafurinn í nafni listamannsins er sjöundi stafurinn í lausnarorðinu.

- 8** Þá eru þið komin aftur að Hofi, þar sem þið byrjuðuð, hér getið þið skoðað listaverkið Norðrið eftir Kristinn E. Hrafnsson. Það er kannski svolítið erfitt að finna verkið, en það er í götunni við aðalinnganginn. Er þetta verk góður áttaviti?

Annar stafurinn í nafni bæjarins okkar er einnig annar stafurinn í lausnarorðinu.

Hér fyrir neðan skaltu skrifa lausnarorðið:

1 2 3 4 5 6 7 8

